

Einkunnarorð Öxarfjarðarskóla eru Virðing, vinátta og jákvæðni

Bæklingur handa foreldrum/forráðamönnum barna í
leikskóladeild Öxarfjarðarskóla sem nú heitir

Lundarkot

Markmið Lundarkots er

Að efla félagsfærni barnanna

Að auka hreyfingu barna og þau læri að njóta hennar

Að börnin kynnist og læri að virða náttúruna og umhverfi sitt, og njóti hvoru tveggja

Símanúmer leikskóladeildar er: 465 2344.

Netfang deildarstjóra er arna@oxarfjardarskoli.is

Aðlögun í leikskóladeild

Aðlögun tekur oftast 5-15 daga og er ætluð til að börn og starfsfólk kynnist hvert öðru. Foreldri/forráðamaður er með barninu þessa daga eftir því sem þurfa þykir.

Í upphafi er einn starfsmaður aðaltengill barnsins til að auka öryggi þess og tengingu við leikskólann. Byrjað er með stuttri heimsókn svo barnið kynnist umhverfinu og síðan er dvalartími aukinn smátt og smátt þar til barnið er öruggt með sig. Aðlögun er ávallt einstaklingsbundin og fer lengd hennar eftir því hve langan tíma barnið þarf til að öðlast öryggi í nýju umhverfi, það byggist á sameiginlegu mati kennara og foreldra/forráðamanna.

Á þessum tíma er lagður grunnur að samstarfi foreldra/forráðamanna og barns við leikskóladeildina og því mikilvægt að allir séu meðvitaðir um það markmið að veita barninu og foreldrum þess hlýju og öryggi.

Ef barn hefur áður verið í leikskóla þegar það kemur til okkar er tilhögun aðlögunar mögulega öðruvísi, en alltaf í samráði við foreldra/forráðamenn.

Vistunartími

Í Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla er boðið upp á 8 tíma vistun og getur fólk valið 3. 4. eða 5 daga í viku.

Opnun og lokun:

Leikskóladeildin í Lundi er opin 5 virka daga frá kl. 07:45 til 16.00. Foreldrar eru beðnir að virða þennan tíma því starfsfólk þarf að loka deildinni og fara út klukkan 16:00

Tilkynningar frá foreldrum/forráðamönnum

- Ef barnið er veikt eða í frí, þá vinsamlega tilkynnið það.
- Vinsamlegast látið starfsfólkið vita ef barnið kemur eða fer á öðrum tíma en venjulegum vistunartíma
- Ef einhver annar en foreldrar/forráðamenn sækja börnin látið vita hver það sé sem kemur.

Þetta má gera í gegnum Karellen eða hringja í síma 465-2344. Vinsamlegast ekki nota persónulega samskiptamiðla starfsfólks.

Leiðbeiningar um veikindi barna

- *Veikist barn skal það dvelja heima þar til það er búið að vera hitalaust í 1-2 sólarhringa. Það er réttur hvers barns að fá að vera heima þar til það er orðið frískt. Í mjög stuttu máli þá miðum við á heilsugæslunni í okkar vinnu og ráðleggingum til foreldra við að börnin séu fær um að fara aftur í leikskólann þegar þau geta verið úti og leikið sér og tekið þátt í leikskólastarfinu, m.ö.o. orðin frísk. Reiknum sem sagt ekki með að það sé starfsfólk í skólunum sem getur hugsað um börnin inni meðan þau eru að ná sér eftir veikindi og t.d. vottorð miðast við þetta.“*
(Ragnhildur Þorgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur)

Daglegt líf í Lundarkoti.

Á þessu skólaári eru þrjár deildir. Þær heita Krílakot, Hálsakot og Vinakot.

Góð samvinna milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks er grunnur þess að börn aðlagist vel skólavistinni og að öllum líði vel með dvöl barnanna þar. Foreldrar þekkja börnin sín best og því er mikilvægt að þeir gefi góðar upplýsingar um börnin strax við upphaf leikskólagöngu þeirra. Gagnkvæmt upplýsingastreymi er æskilegt og stuðlar að því að börnunum líði vel og finni til öryggis í leikskólanum. Foreldrum er frjálst að hringja eða senda skilaboð í Karellen til að fá upplýsingar um börnin sín. Ef það er áriðandi er betra að hringja því það er ekki víst að við höfum tök á að svara skilaboðum strax.

Móttaka/brottför: Lögð er áhersla á, að taka vel á móti börnum og foreldrum, þegar þau koma í leikskólann. Gefum börnunum færi á að kveðja foreldra sína. Við kveðjum börnin þegar þau yfirgefa leikskólann.

Forstofan: Mikilvægt er að börnin fái tíma, svo þau geti klætt sig sjálf eftir getu og áhuga. Því meira sem þau eru hvött til að reyna, því meiri verður færni þeirra í fínhyringum og samhyfingu augna og handa, þekking á fatnaði, litum og líkama, jafnframt því sem sjálfstæði og trú á eigin getu eykst.

Matmálstímar: Við kennum þeim góða siði með því að vera góð fyrirmynd í matmálstímum og taka þátt í borðhaldi með þeim. Sýnum þeim kurteisni og eflum þau með hrósi og uppörvun til að bjarga sér sjálf eftir getu og vilja.

Útivist: Gefur börnunum tækifæri til að leika sér úti í frjálsum, sjálfspottnum og skipulögðum leikjum, kynnast veðrabrigðum íslenskrar náttúru líkamlega og auka þrek.

Frágangur: Lögð er áhersla á, að börnin læri að ganga vel um eigin sínar og skólans s.s fatnað leikföng og umhverfi sitt.

Stundaskrá: Dagskipulag er yfirleitt tilbúið í byrjun september og foreldrar munu hafa aðgang að því í Karellen og geta einnig fengið það á pappír. Sérstakir viðburðir eru auglýstir með fyrirvara.

Samverustund: Er breytileg eftir aldri og þroska barnanna og miðar að því að efla einbeitingu, hlustun, málþroska, samskipti, tillitssemi og þekkingu. Lesnar eru sögur, sungið og spjallað um það sem börnin hafa áhuga á og áhersla lögð á að þau fái tækifæri til að efla sjálfstæði sitt og framkomu með því að segja frá ýmsu frá eigin brjósti, fyrir framan barnahópinn.

Hópastarf: Börnunum er skipt niður í fámenna hópa eftir aldri og þroska og vinna þar saman undir stjórn hópstjóra. Starfið er miðað við áhuga og getu barnanna í hverjum hóp og felst meðal annars í því að vinna með sköpun, málörvun, undirbúning fyrir stærðfræðinám og tilfinninga þroska. Einnig notum við náttúruna í kringum skólann til að fræðast um ýmislegt, þjálfa hreyfingu og njóta útiveru í margskonar veðri. Það er líka unnið með ýmiskonar þætti sem tilheyra menningu okkar t.d. þjóðsögur og hátíðir.

Dagskipulag:

- Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla í Lundi opnar að morgni kl. 07:45. Um kl. 08.30 hefst morgunverður og gott er að börnin séu komin í leikskólann tímanlega. Um leið er dagatalið skoðað saman og uppfært. Sungið er um vikudagana og mánaðarheiti. Þjónar dagsins finna heiti dags sem skrifuð eru á spjöld og hengd upp á vegg, einnig dagsetningu. Unnið er með máhljóð, tákn, bókstafi og tölustafi.
- Eftir morgunmat er frjáls leikur/hópastarf.
- Þegar hópastarfi er lokið er farið í útiveru.
- Hádegismatur hefst á bilinu 11:30-11:45
- Hvíldarstund fylgir í kjölfar hádegisverðar, þá er hlustað á sögur eða tónlist. Sum börnin sofa en það fer auðvitað eftir aldri.
- Eftir hádegi er lögð áhersla á frjálsan leik við hin ýmsu viðfangsefni.
- Söngstund eða einhverskonar samvera er fyrir síðdegishressingu sem er klukkan 14.30
- Í lok dags metum við hvort farið er út eða við verðum inni. Veður mun ráða þessari ákvörðun.
- Heimferð kl. 16:00

Ekki er tiltekið nákvæmlega hvenær allir dagskrárliðir hefjast og hvenær þeim lýkur vegna þess að sveigjanleiki verður að vera í starfi með börnum t.d. ef veður er gott er lengri útivist betri kostur. Einnig teljum við rétt að hinn frjálsi félagsleikur barna fái að halda ótruflaður áfram ef vel gengur, þó að komið sé fram yfir ákveðin tímamörk. Einnig eru fastir liðir í samstarfi við grunnskóladeild Öxarfjarðarskóla, þar sem elstu börnin af leikskólanum taka þátt í svokölluðu Brúum bilið. Þá fara þau ásamt börnum úr fyrsta bekk í íþróttir, íslensku og myndmennt. Einnig verður í vetur svokallað leikskólaval þar sem 5-10 bekkur getur valið að koma í leikskólann og kynnst starfinu. Öxarfjarðarskóli er heildstæður grunn- og leikskóli með stöðugt flæði og samvinnu milli menntastiga.

Leikskólagjöld eru greidd fyrir fram í byrjun hvers mánaðar.

Uppsagnarfrestur og breytingar á vistunartíma:

Leikskólavist og breyting á vistunartíma þarf að tilkynna deildarstjóra með eins mánaðar fyrirvara miðaða við 20. hvers mánaðar. Greiða skal gjald fyrir vistunina út uppsagnarfrestinn, þó svo að barnið hætti fyrr.

Lög um leikskóla nr. 90 / 2008

VIII. kafli. Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi leikskóla.

■ 21. gr. Skipulag sérfræðiþjónustu.

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla.

Sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla getur verið rekin sameiginlega með sérfræðiþjónustu grunnskóla. Þá geta sveitarfélög sameinast um slíkan rekstur eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er fyrir hverju sinni.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

■ 22. gr. Framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra.

Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfelli í skólastarfi að leiðarljósi.

■ 23. gr. Sérfræðingar í leikskólamálum.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga.

Starfsfólk Skólaþjónustu Norðurlands vestur 2023-2024 eru:

Jón Höskuldsson, fræðslufulltrúi

Ingibjörg Sigurjónsdóttir yfirsálfræðingur, 80% staða

Arna Ásgeirsdóttir kennsluráðgjafi 100% staða

Berglind Júlíusdóttir talmeinafræðingur 20% staða

Auk þess verða eftirfarandi sérfræðingar með verktöku:

Kristín Heimisdóttir sálfræðingur

Anný Peta Sigmundsdóttir sálfræðingur

Sonja Magnúsdóttir talmeinafræðingur

Kristján Gunnar Óskarsson sálfræðingur

Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla starfar eftir kenningum bandaríks heimspekings og uppeldisfræðings; John Dewey og kenningum sovéska sálfræðingsins; Lev S. Vygotsky.

Dewey var á þeirri skoðun að félagslegar athafnir barnsins væru lykillinn að námsgreinunum. Frjáls leikur er hafður í hávegum, þar sem leikur er helsta námsleið barnsins. Efniviður leikskólans tengist umhverfi barnsins. Dewey áleit skólann vera samfélag í smækkaðri mynd, grundvallað á lýðræðislegum samskiptum. Virkja skal athafnaþörf og sköpunargáfu barnsins. Hann taldi barnið fært um að læra af eigin reynslu og áhuga. Að læra með því að framkvæma, eru einkunnarorð í kenningum hans. Dewey varaði við of mikilli samkeppni í skólanum, vegna þess að hann taldi hættu á að einstaklingar gætu „valtað yfir“ samborgara sína án tillits til velferðar annara. Markmið menntunar og hvernig hún er notuð átti að bæta líf allra í samfélaginu.

Vygotsky setti fram kenningar um tengsl milli máls og hugsunar; að tungumálið væri aðalverkfæri hugans og um mikilvægi þess fyrir þróun hugsunar. Hann lýsir því hvernig maðurinn, í gegnum tákni túlkar og skilur umhverfi sitt, t.d. með hjálp tungumálsins.

Vygotsky sagði að kennsla ýtti undir þroska og væri nauðsynleg fyrir hann. Samkvæmt kenningum Vygotsky er talið að drifkrafturinn sem ýtir undir þroska barna, komi utan frá og sé þess vegna fólgin í samskiptum við aðra. Hann taldi að hægt væri að ná barni af einu getustigi yfir á það næsta, með hjálp frá öðrum sem kunna meira, frá t.d. eldri börnum. Hér er átt við kenningu hans um svæði mögulegs þroska, nærþroskabil (Zone of Proximal Development). Þróun á þroskasviði vitsmuna á rætur að rekja til félagslegra samskipta. Hlutverk kennarans er að leiða börnin í þekkingarleit þeirra, þannig að börnin tengi reynslu sína við nýjar uppgötvunar.